



Bjarkarhlíð

Bjarkarhlíð við Bústaðarveg
Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

Ársskýrsla 2020

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2020

Ábyrgðaraðili: Ragna Björg Guðbrandsdóttir, teymisstjóri í Bjarkarhlíð

Útgáfustaður: Reykjavík, maí 2021

Tölfræði : Drífa Jónasdóttir

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg www.bjarkarhlid.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

Efnisyfirlit

Upphafið	3
Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök	3
Hugmyndafræði	4
Hlutverk	4
Markmið	4
Samstarfsaðilar	4
Ferlið í Bjarkarhlíð	5
Birtingarmyndir ofbeldis	6
Fræðsla	8
Heimsóknir í Bjarkarhlíð	9
Samstarfsverkefni	9
Umbótaverkefni	11
Alþjóðlegt samstarf	12
Tölulegar upplýsingar 2020.....	13
Þjónustukönnun vegna 2020.....	27
Styrkir	28
Bjarkarhlíð til framtíðar.....	28

Upphafið

Undirrituð var viljayfirlýsing milli Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands þann 4. október 2016. Eru þetta þeir samstarfsaðilar sem komu að stofnun Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis. Ákveðið var að Bjarkarhlíð yrði þriggja ára tilraunaverkefni. Fyrir þann tíma var starfandi undirbúningshópur þar sem allir samstarfsaðilar áttu sinn fulltrúa. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hélt utan um verkefnið í byrjun og kom að ráðningu verkefnastjóra í nóvemberlok 2016. Bjarkarhlíð opnaði formlega 2. mars 2017 og störfuðu þá tveir starfsmenn í Bjarkarhlíð ásamt rannsóknarlögreglukonu í fullu starfi frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu (LRH). Ráðgjafar og stuðningsaðilar frá Kvennaathvarfi, Drekaslóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands sjá um reglulega viðveru í Bjarkarhlíð. Til viðbótar hefur Barnavernd Reykjavíkur aðstöðu í Bjarkarhlíð fyrir sálfræðinga sem sinna börnum sem verða vitni að ofbeldi. Frá 1. janúar 2019 hefur Bjarkarhlíð starfað sem frjáls félagasamtök þar sem allir samstarfsaðilar voru tilbúnir til að koma að starfinu áfram.

Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök

Rekstrarform Bjarkarhlíðar er í formi frjálsra félagasamtaka. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir samstarfsaðilar tilnefni einn í stjórn og einn varamann. Félagsmálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa tvo aðalmenn og tvo varamenn í stjórn. Haldnir voru þrír stjórnarfundir á árinu 2020, auk aðalfundar.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar er skipuð fimm aðilum sem kosnir eru á aðalfundi og tveimur til vara. Formaður framkvæmdastjórnar og stjórnar á starfsárinu 2020 var Þorbjörg Inga Jónsdóttir, lögmaður og fullrtúi Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdastjórn heldur almennt fundi hálfsmánaðarlega og voru haldnir 17 fundir á árinu 2020. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri Bjarkarhlíðar og vinnur teymissjóri í þeirra umboði.

Hugmyndafræði

„Family Justice Center“ hugmyndafræðin byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnaði í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin var vel kynnt í Bandaríkjunum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarkarhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland var áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en í Malmö í Svíþjóð hefur til dæmis verið unnið eftir þessu módeli í mörg ár. Megin inntakið í hugmyndafræðinni er að veita þjónustu fyrir fullorðna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu.

Hlutverk

Bjarkarhlíð býður upp á fallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Boðið er upp á samhæfða þjónustu á einum stað þar sem hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er uppá lögfræðilega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar. Bjarkarhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að koma á staðinn, hringja, senda tölvupóst eða netbókun í gegnum heimasíðu og samfélagsmiðla.

Markmið

Markmið Bjarkarhlíðar er að auka öryggi þjónustuþega og stuðla að valdeflingu þeirra, veita fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar ofbeldis, taka þátt í og koma að aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu og senda skýr skilaboð um hver beri ábyrgð á ofbeldinu. Það er meðal annars gert með því að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi í Bjarkarhlíð fyrir alla þolendur ofbeldis í nánnum samböndum.

Samstarfsaðilar

Reykjavíkurborg leggur Bjarkarhlíð til húsið við Bústaðarveg, þar sem miðstöðin er til húsa. Félagsmálaráðuneytið hefur frá upphafi veitt árlegt fjármagn til starfsemi

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

Bjarkarhlíðar og mun gera það áfram a.m.k. til ársins 2021 skv. nágildandi samningi sem hljóðar upp á 15 m.kr fjárframlag á ári. Dómsmálaráðuneytið hefur tryggt varanlegt fjármagn sem samsvarar 20 milljónum á ári, frá og með árinu 2018. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til starfsmann í fullu starfi sem staðsettur er í Bjarkarhlíð og sinnir öllum samskiptum við lögreglu auk þess að taka þátt í daglegum verkefnum Bjarkarhlíðar. Frjálsu félagasamtökin Stígamót, Kvænnaathvarfið og Drekaslóð eru með ráðgjafa á sínum vegum í Bjarkarhlíð og veita ráðgjöf og stuðning á staðnum. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvinnaráðgjöfin veita lögfræðiráðgjöf einu sinni í viku í Bjarkarhlíð. Samstarfsaðilar eru allir með fulltrúa í stjórn og stýra þannig stefnu og mótun starfsins í Bjarkarhlíð.



Mynd 1. Stjórn Bjarkarhlíðar 2020-2021.

Ferlið í Bjarkarhlíð

Bjarkarhlíð er lágþröskuldapjónusta þar sem ekki þarf tilvísun til að koma í fyrsta viðtal. Starfsmenn Bjarkarhlíðar taka móttökuviðtal við þjónustuþega þegar þeir koma í Bjarkarhlíð. Fyllt er út eyðublað við fyrstu komu og farið yfir trúnað og

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

persónuverndarstefnu, þar sem bakgrunnsupplýsingum um viðkomandi og eðli ofbeldisins sem hann hefur orðið fyrir er safnað í gagnagrunn með samþykki þjónustuþega. Tölfræði Bjarkarhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.



Mynd 2. Biðstofan í Bjarkarhlíð

Í framhaldinu er þjónustuþega boðinn áframhaldandi stuðningur og ráðgjöf hjá þeim aðilum sem best þykja til þess fallnir að vinna með afleiðingar þess ofbeldis sem hann hefur orðið fyrir. Áframhaldandi viðtöl og stuðningur er í boði hjá öðrum samstarfsaðilum Bjarkarhlíðar. Algengast er að Stígamót og Dreka slóð hitti viðkomandi í nokkur skipti í Bjarkarhlíð en bjóði síðan upp á framhaldsviðtöl á starfsstöðvum sínum. Lögreglan og aðrir samstarfsaðilar bjóða upp á alla sína þjónustu í Bjarkarhlíð.

Birtingarmyndir ofbeldis

Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir, í Bjarkarhlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldið sem þjónustuþegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar til

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

grundvallar í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru vitaskuld fleiri.

- **Líkamlegt** ofbeldi: til dæmis að hrinda, ýta, slá, halda, kýla, sparka í, brenna, drekkja, kæfa, kyrkja
- **Andlegt** ofbeldi: til dæmis stjórnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun, morðhótun og gaslýsingu þar sem brotaþoli fer að efast um minni sitt og upplifanir
- **Kynferðislegt** ofbeldi: til dæmis að þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, vakna við nauðgun/"kynlíf", byrlun og kynfrelsi ekki virt
- **Mansal:** hagnýting á bágum aðstæðum einstaklings til kynlífsþjónustu, nauðungarvinna sem oft er neft nútíma þrælahald
- **Fjárhagslegt** ofbeldi: til dæmis að skemma dýra muni, skerða aðgang að fjármunum, veita ekki upplýsingar um fjárhagslega stöðu
- **Stafrænt** ofbeldi: misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla, persónustuldur
- ...þar af **stafrænt kynferðisofbeldi:** til dæmis myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum
- **Eltihrellir** (e. stalking): til dæmis að elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gegn vilja hennar, njósnir og ofsóknir, staðsetningabúnaði komið fyrir í síma eða ökutæki
- **Beint og/eða óbeint ofbeldi gegn börnum:** einhvers konar líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt eða að barn verður vitni að ofbeldi á heimilinu
- **Vanræksla:** til dæmis aðstoð haldið viljandi frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.
- **Ofbeldi sem felur í sér mismunun:** til dæmis ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi

Þjónustuvegar Bjarkarhlíðar eiga það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi í nánnum samböndum og vilja vinna með afleiðingarnar þess. Ofbeldi í nánnum samböndum er samfélagslegt,

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra stofnanna og félagasamtaka getur stuðlað að heildarsýn varðandi afleiðingar og úrræði.

Fræðsla

Fagfólk úr ýmsum starfsstéttum hefur sýnt starfsemi Bjarkarhlíðar áhuga og hafa verið heimsóknir frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum, ásamt því að starfsfólk Bjarkarhlíðar hefur kynnt starfsemina þar sem þess er óskað. Teymisstjóri var með kynningu á starfi Bjarkarhlíðar á fundi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Auk þess fékk Ofbeldsivarnarnefnd Reykjavíkurborgar kynningu. Nemaheimsóknir voru frá Fjölbrautarskólanum við Ármúla, Borgarholtsskóla og Kvennaskólanum þar sem starfsemin var kynnt. Teymisstjóri kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir starfsfólki og skjólstæðingum á Hlaðgerðarkoti. Starfsfólk BUGL fékk fræðsluerindi um Bjarkarhlíðar módelið. Starfsfólk Bjarkarhlíðar fór í heimsókn og kynnti sér úrræðið Tinna sem er verkefni á vegum Reykjavíkurborgar. Teymisstjóri tók þátt í ráðstefnu á vegum Sýslumannsins í Vestmannaeyjum í tengslum við aðgerðateymi gegn ofbeldi.



Mynd 3. Funda- og fræðsluaðstaða

Heimsóknir í Bjarkarhlíð

Dómsmálaráðherra Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir heimsótti Bjarkarhlíð og kynnti sér starfsemina í byrjun árs. Starfshópur Stuðla kom í Bjarkarhlíð og fékk kynningu. Fulltrúar úr stjórn og starfshópi Þroskahjálpar fengu kynningu. Janus endurhæfing sendi fulltrúa í heimsókn. Starfsmenn Frú Ragnheiðar komu í heimsókn og kynntu sitt starf ásamt því að fá kynningu á Bjarkarhlíð. Tabú – femínísk fötlunarhreyfing, komu í heimsókn og kynntu sitt starf og fengu kynningu á Bjarkarhlíð. Félagsþjónustan í Breiðholti kom með kvennahóp í heimsókn „Heilsuorku“. Nemar í bráðahjúkrun komu á kynningu í Bjarkarhlíð.

Félag háskóla kvenna óskaði eftir að fá að halda fund í Bjarkarhlíð fyrir aðildafélaga og fá kynningu á starfi Bjarkarhlíðar.

Tvö fræðsluerindi voru haldin á árinu 2020 í formi opins húss í Bjarkarhlíð. Sólborg Guðbrandsdóttir kynnti aktivista starf sitt með ungu fólki undir heitinu Fávitar. Verkefnið Karlmenntan sem Þorsteinn V. Einarsson stýrir á samfélagsmiðlum er annað verkefni sem kynnt var á opnu húsi í Bjarkarhlíð og fékk góðar viðtökur.

Samstarfsverkefni

Samstarfsverkefni pólskra kvenna fengu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands árið 2017. En verkefnið felst í því að standa fyrir „opnu húsi“ í Bjarkarhlíð. Tilgangur verkefnisins var að ná til pólskra kvenna búsettra á höfuðborgarsvæðinu og þróaðist verkefnið áfram árið 2020 og var þá boðið upp á sjálfshjálparhópa sem leiddir voru af pólskum sálfræðingi í upphafi undir handleiðslu teymisstjóra Bjarkarhlíðar.

Annað samstarfsverkefni var námskeið um „umhyggjurík samskipti“ eða *Non violent communication*. Bjarkarhlíð fékk styrk frá Landsbankanum 2019 til þess að bjóða upp á hópastarf fyrir karlmenn sem sætt höfðu ofbeldi og var námskeiðið haldið 2020.

Frá upphafi hefur Bjarkarhlíð átt í samstarfi við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands varðandi starfsnema. Var einn mastersnemi í fyrra starfsnámi sem voru í sex vikur á haustönn 2020. Starfsnemar eru mikilvæg viðbót við starfsemi Bjarkarhlíðar og hafa þeir sinnt ýmsum verkefnum og framkvæmt þjónustukönnun.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020



Mynd 4. Viðtalsherbergi samstarfsaðila

Nemar í hjúkrunafræði við Háskólann á Akureyri hafa einnig komið í styttra starfsnám í Bjarkarhlíð. Voru tveir nemar í samfélagshjúkrun sem nýttu sér þetta árið 2020.

Háskólinn í Reykjavík óskaði eftir samstarfi og ráðgjöf frá Bjarkarhlíð varðandi þróun og tilraunir á verkefni tengdu sýndarveruleika í dómsal.

Samstarf við Mjölni - Bardagaþróttir um námskeiðið „Sjálfsvörn fyrir konur“, hefur verið allt frá ársbyrjun 2018 og hélt áfram 2019 og 2020. Starfsmaður Bjarkarhlíðar kemur inn á námskeiðið með fræðslu ásamt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Samtökin Rótin, félag um málefni kvenna með fíknivanda og áföll, voru í samstarfi við Bjarkarhlíð til loka ársins 2020. Samstarfið fólst í aðstöðu í húsnæði Bjarkarhlíðar fyrir hópastarf sem fram hefur farið á miðvikudögum frá 17 til 20 þar sem opið hús er á milli 19 og 20. Þjónustuþegum Bjarkarhlíðar bauðst einnig ráðgjöf á vegum Rótarinnar eftir móttökuvíðtal og geta þannig haldið áfram í stuðningi hjá samtökunum. Rótin tók þátt í þessu samsatari sem tilraunaverkefni en hefur átt erfitt með að fjármagna þetta starf í Bjarkarhlíð og hefur því ekki tekist að haldið því áfram á árinu 2021 þrátt fyrir mikla ánægju með samstarfið bæði frá þjónustuþegum og starfsfólki Bjarkarhlíðar.

Umbótaverkefni

Samráðshópur um mansal hefur verið starfandi á vegum dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis og hefur teymisstjóri verið fulltrúi Bjarkarhlíðar. Hlutverk hans er m.a. að vinna að úrbótum í málefnum þolenda mansals á Íslandi og undirbúningi að opnun samhæfingarmiðstöðvar fyrir þolendur mansals.

Þann 1. júlí 2020 gerði félagsmálaráðuneytið styrksamkomulag við Bjarkarhlíð um umsjá framkvæmdateymis um mansalsmál, sem undanfarin ár hefur verið leitt af félagsmálaráðuneytinu. Teymið er kallað saman þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur er um slíkt, í þeim tilgangi að samhæfa störf og viðbrögð þeirra aðila sem koma að velferðarþjónustu til þolenda mansals á fyrstu stigum máls. Í framkvæmdateyminu hafa átt sæti fulltrúar frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnunar, félagsþjónustu þess sveitarfélags sem mál koma upp auk félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi er með lögheimili, Kvennaathvarfinu, Vinnumálastofnun, verkalyðshreyfingunni, heilsugæslu og aðrir viðeigandi aðilar, eftir atvikum.

Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs árs en verkefnið er liður í þingsályktun um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, sem samþykkt var á alþingi í júní 2019.

Hlutverk Bjarkarhlíðar skv. styrksamkomulaginu er að:

1. Taka á móti tilkynningum um mansalsmál eða þegar grunur er um slíkt.
2. Hafa samband við viðeigandi aðila varðandi nauðsynlega velferðarþjónustu.
3. Boða framkvæmdateymi til fundar, ef þarf.
4. Halda utan um aðgerðir teymis í hverju máli.
5. Vinna samantekt um hvert mansalsmál.

Í upphafi verkefnisins var skipað sérstakt teymi innan Bjarkarhlíðar til þess að fylgja verkefninu eftir. Teymið skipa Karl Steinar Valsson frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir frá Stígamótum og Margrét Steinarsdóttir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi er teymisstjóri verkefnisins.

Alþjóðlegt samstarf

Bjarkarhlíð er aðili að samtökunum *European Family Justice Center (EFJC)*. Samtökin hafa sýnt Bjarkarhlíð velvild frá upphafi. Fyrirhugað var að halda ársfundur samtakanna í Reykjavík í nóvember 2020 í samvinnu við Bjarkarhlíð og Bjarmahlíð á Akureyri en vegna Covid-19 aðstæðna var fallið frá þeim áformum.

Teymisstjóri Bjarkarhlíðar hefur verið tengiliður fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi þeirra sem veita þjónustu fyrir þolendur hatursglæpa á vegum ÖSE og ODIHR. „ODIHR Network of Experts on hate crime victim support“. Boðið hefur verið upp á netnámskeið fyrir þennan hóp sem teymisstjóri hefur sótt.



Mynd 5. Rannsóknarlögregla hefur aðsetur í Bjarkarhlíð

Tölulegar upplýsingar 2020

Grunnupplýsingar

Upplýsingar í ársskýrslu Bjarkarhlíðar eru fengnar úr spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustugegar svara þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar spyrja spurninganna og fylla inn í komuskýrsluna, en samskonar spurningarlisti er lagður fyrir alla þjónustugega.

Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar úr helstu þáttum í komuskýrslu og í ákveðnum tilvikum skoðuð breyting milli ára. Athugið að í einhverjum tilfellum svöruðu ekki allir þjónustugegar öllum spurningum í komuskýrslu og í þeim tilfellum eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum fyrir þá spurningu.

Nánari upplýsingar frá fyrri árum má nálgast í ársskýrslum á heimasíðu Bjarkarhlíðar www.bjarkarhlid.is

Á árinu 2020 leituðu alls 827 einstaklingar til Bjarkarhlíðar í fyrsta viðtal. Fjöldi einstaklinga í fyrsta viðtal árið 2019 var 565 einstaklingar. Aukning milli áranna 2019 og 2020 er því 47,3%. Flestir þjónustugegar höfðu fengið þjónustu annars staðar áður en þeir komu í Bjarkarhlíð. Alls höfðu 35 einstaklingar (3%) af 827, sem komu í fyrsta viðtal á árinu 2020, komið áður í Bjarkarhlíð. Sjá nánar í töflu 1.


Tafla 1. Dreifing svara þjónustugega vegna þjónustu sem þeir höfðu fengið áður en þeir komu í Bjarkarhlíð á árinu 2020.

ÞJÓNUSTA ÁÐUR	FJÖLDI	%
LÖGREGLU	187	23%
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	90	11%
KVENNAATHVARFI	78	9%
BARNAVERND	72	9%
GEÐDEILD	64	8%
HEILSUGÆSLU/SPÍTALA	63	8%
STÍGAMÓTUM	39	5%
BJARKARHLÍÐ	35	4%
BRÁÐAMÓTTÖKU LSH	29	4%
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ (V/SKIMUN)	12	1%
DREKASLÓÐ	8	1%
ANNAÐ	246	30%
EKKERT AF OFANTÖLDU	200	24%
	1123	136%

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

1. Komufjöldi eftir mánuðum

Að meðaltali komu 69 einstaklingar í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð í hverjum mánuði árið 2020. Flestir komu í fyrsta viðtal í júní eða 13% en færstir komu í fyrsta viðtal í apríl eða 5%. Sjá nánar dreifingu fyrstu viðtala á mynd 1 sem og samanburð við árið á undan.



Mynd 6. Dreifing fyrstu viðtala eftir mánuðum, samanburður milli 2019 og 2020

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

2. Upplýsingar um úrræðið

Flestir heyrðu af Bjarkarhlíð í gegnum vin eða kunningja eða 198 einstaklingar (24%), en 146 sögðust hafa heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum opinbera umfjöllun (18%) en þá ðer mikil aukning frá árinu 2019 þegar 10% þjónustubega hafði heyrt af úrræðinu í gegnum opinbera umfjöllun. Einungis 2% þjónustubega heyrðu af úrræðinu í gegnum barnavernd. Sjá nánar í töflu 2.

Tafla 2. Dreifing svara þjónustubega við spurningunni „Hvernig heyrðir þú fyrst af Bjarkarhlíð?“

HEYRÐI AF ÚRRÆÐINU	FJÖLDI	%
VINUR/KUNNINGI/FJÖLSKYLDA	198	24%
OPINBER UMFJÖLLUN	146	18%
LÖGREGLA	112	14%
VELFERÐARSVIÐ	87	11%
HEILBRIGÐISSTARFSMENN	86	10%
FANN SJÁLF/UR UPPLÝSINGAR	77	9%
SAMSTARFSADILAR BJARKARHLÍÐAR	63	8%
BARNAVERND	13	2%
VINNUFÉLAGI	10	1%
ANNAÐ	35	4%
	827	100%

Áhugavert er að skoða hvernig þjónustubegar fengu upplýsingar um Bjarkarhlíð, en mikilvægt er að hafa slíkar upplýsingar tiltækar til að kanna hvar virðist mikið vísað á Bjarkarhlíð og hvað mætti mögulega gera betur.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

3. Hafði samband

Upplýsingar um hvernig þjónustuvegi hafði samband við Bjarkarhlíð eru sömuleiðis mikilvægar til að fylgjast með því hvaða leiðir þjónustuvegar vilja helst nota til að hafa samband við Bjarkarhlíð. Sjá í töflu 3.


Tafla 3. Með hvaða hætti þjónustuvegi hafði samband við Bjarkarhlíð til að fá tíma í fyrsta viðtal.

SAMBAND FYRST	FJÖLDI	%
SÍMLEIÐIS	721	87%
TÖLVUPÓSTUR	91	11%
KOM Á STAÐINN	11	1%
FACEBOOK	4	0%
	827	100%

Nánar um þjónustuvegana

4. Aldur

Aldur þjónustuvega í Bjarkarhlíð árið 2020 var svipað dreifður og árið á undan. Flestir voru í aldurshópnum 18-29 ára (28%) og 30-39 ára (28%). Sjá mynd 2.



Mynd 7. Aldursdreifing þjónustuvega í Bjarkarhlíð árið 2020. Svipuð dreifing og árið á undan

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

5. Kyn

Meirihluti þjónustuþega eða 83% voru konur en 17% karlar. Einn einstaklingur skilgreindi kyn sitt á annan hátt. Sjá töflu 4.

Tafla 4. Skipting þjónustuþega eftir kyni; kona, karl, skilgreint á annan hátt, á árinu 2020.

KYN	FJÖLDI	%
KONA	686	83%
KARL	140	17%
SKILGREINT Á ANNAN HÁTT	1	0%
	827	100%

6. Þjóðerni

Þegar skoðað er þjóðerni þjónustuþega er dálítil breyting milli ára 2019 og 2020. Þjónustuþegum með íslenskt þjóðerni fjölgaði um 6% og erlendum þjónustuþegum fækkaði að sama skapi um 6% milli ára. Sjá nánar í töflu 5.

Tafla 5. Þjóðerni þjónustuþega sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2020; íslenskt, erlent (innan Evrópu), erlent (utan Evrópu).

ÞJÓÐERNI	FJÖLDI	%
ÍSLENSKT	780	94%
ERLENT (INNAN EVRÓPU)	20	2%
ERLENT (UTAN EVRÓPU)	27	3%
	827	100%

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

7. Búseta

Alls svöruðu 696 einstaklingar spurningu um búsetu þegar þeir komu í fyrsta viðtal á árinu 2020. Flestir komu af höfuðborgarsvæðinu. Alls 401 (58%) bjuggu í Reykjavík og 182 (26%) komu af höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Alls 113 (16%) komu af landsbyggðinni. Sjá töflu 6.

Tafla 6. Búseta þjónustuþega.

BÚSETA	FJÖLDI	%
REYKJAVÍK	401	58%
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ UTAN REYKJAVÍKUR	182	26%
LANDSBYGGÐIN	113	16%
	696	100%

8. Hjúskapastaða

Fleiri þjónustuþegar voru einhleypir, að skilja, fráskildir eða ekkjar/ekkjur (57%) heldur en þeir sem voru í sambandi eða giftir (42%). Sjá töflu 7.

Tafla 7. Hjúskapastaða þjónustuþega sem leituðu í Bjarkarhlíð á árinu 2020. Svör 39 einstaklinga vantar og er nefnarinn því N=788 í útreikningum vegna töflu 6.

HJÚSKAPASTAÐA	FÖLDI	%
EINHLEYP/UR	328	42%
Í SAMBÚÐ/SAMBANDI	196	25%
GIFT/UR	137	17%
ER AÐ SKILJA/SLÍTA SAMBÚÐ	90	11%
FRÁSKILIN/N	24	3%
EKKJA/EKKILL	9	1%
ANNAÐ	4	1%
	788	100%

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

9. Atvinnustaða

Alls voru 47% þjónustuþega í fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja var 15% og atvinnulausir voru alls 137 (17%). Sjá töflu 8.

Tafla 8. Atvinnustaða þjónustuþega þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð á árinu 2020. Samanlagður fjöldi svara þjónustuþega (N=808) sem er annar en fjöldi einstaklinganna (N=827). Nefnarinn er því 808 í útreikningum vegna töflunnar.

ATVINNUSTAÐA	FJÖLDI	%
Í FULLU STARFI	317	39%
ÁN ATVINNU	137	17%
ÖRYRKI	125	15%
NEMI	90	11%
Í HLUTASTARFI	62	8%
ELLILÍFEYRISÞEGI	18	2%
FÆÐINGARORLOF	7	1%
HEIMAVINNANDI	5	1%
ANNAÐ	47	6%
	808	100%

10. Menntunarstig

Alls svöruðu 722 af 827 (87%) spurningunni um menntun. Flestir þjónustuþegar höfðu lokið framhaldsskóla eða háskóla eða samtals 67%. Alls höfðu 22% einungis lokið grunnskóla. Sjá nánar í töflu 9.

Tafla 9. Menntunarstig þjónustuþega sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2020.

MENNTUNARSTIG	FJÖLDI	%
HÁSKÓLANÁMI	251	35%
FRAMHALDSSKÓLANÁMI	231	32%
GRUNNSKÓLANÁMI	160	22%
ANNAÐ	80	11%
	722	100%

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

11. Fötlun eða sjúkdómar

Til að henda reiður á fjölda þeirra einstaklinga sem búa við fötlun eða sjúkdóm eru þjónustuþegar spurðir um þau atriði. Alls sögðust 25% búa við andlegan sjúkdóm og 11% við líkamlegan sjúkdóm. Sjá nánar í töflu 10.

Tafla 10. Fötlun og/eða sjúkdómar sem þjónustuþegar Bjarkarhlíðar 2020 glíma við. Þó að samanlagður fjöldi fatlana og sjúkdóma sé 729 verður hér notast við fjölda einstaklinga (N=827) til að finna út hlutfall þjónustuþega með fatlanir/sjúkdóm. Þar af leiðandi er samanlagt hlutfall lægra en 100%.

FÖTLUN/SJÚKDÓMUR	FJÖLDI	%
ANDLEGUR SJÚKDÓMUR	209	25%
LÍKAMLEGUR SJÚKDÓMUR	89	11%
ÞROSKASKERÐING	14	2%
BLINDA/SJÓNSKERÐING	0	0%
HREYFIHÖMLUN	2	0%
HEYRNARLEYSI/SKERÐING	1	0%
ANNAÐ	209	25%
	729	88%

Ofbeldisverk og gerendur

Ofbeldi getur verið margþætt og þar af leiðandi oft erfitt fyrir einstaklinga að flokka hverjar eru aðalástæður og hverjar eru aðrar ástæður fyrir því að leitað er eftir aðstoð. Engu að síður getur verið mikilvægt fyrir þolendur að velja slíku fyrir sér til að átta sig á þeim ólíku afleiðingum sem einstaka birtingarmyndir ofbeldis geta haft. Þjónustuþegar eru spurðir af hverju þeir séu komnir í Bjarkarhlíð og nefna margir margar ástæður.

12. Aðalástæða komu

Hér hafa verið tekin saman svör þjónustuþega við spurningunni um aðalástæðuna fyrir því að þeir leituðu til Bjarkarhlíðar. Flestir nefna heimilisofbeldi eða 61%. Alls nefndu 18% andlegt ofbeldi og sömuleiðis 14% kynferðislegt ofbeldi sem aðalástæðu. Sjá töflu 11.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

Tafla 11. Aðalástæða komu. Af 827 einstaklingum svöruðu 748 spurningunni eða 90% þjónustugefanna sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2020. Nefnarinn hér er því 748 en ekki 827 eins og heildarfjöldi einstaklinga sem kom í fyrsta viðtal.

AÐALÁSTÆÐA KOMU	FJÖLDI	%
HEIMILISOFBELDI	456	61%
ANDLEGT OFBELDI	132	18%
KYNFERÐISLEGT OFBELDI	107	14%
LÍKAMLEGT OFBELDI	14	2%
FJÁRHAGSLEGT OFBELDI	6	1%
ANNAÐ	33	4%
	748	100%

13. Tengsl við geranda

Þegar skoðað er hvernig mál koma í Bjarkarhlíð má hafa töflu 12 hér fyrir framan til hliðsjónar. Þar má sjá að 61% þjónustugefa flokka ofbeldið, sem þeir hafa sætt, sem „heimilisofbeldi“. Þegar spurt er um tengsl við geranda segja 85% þjónustugefa að hann sé barn, ættingi, núverandi maki eða fyrrverandi maki. Ef heimilisofbeldi er skilgreint eftir tengslum við geranda myndi hlutfall heimilisofbeldismála hækka í 85%. Ef við skoðum aftur á móti einungis hlutfall þeirra sem tilgreina *núverandi eða fyrrverandi maka er hlutfallið 68%.*

Ef til vill má skýra þennan mun með því að fólk líti almennt ekki á það sem „heimilisofbeldi“ ef til dæmis barn ræðst á foreldri, ef þar hefur slitið samvistum þegar ofbeldi á sér stað, eða ef ofbeldið á sér stað annars staðar en inni á heimilinu. Sjá nánar í töflu 12.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

Tafla 12. Tengsl þjónustuþega við geranda. Flestir sem leita til Bjarkarhlíðar koma vegna ofbeldis af hálfu fyrrverandi maka (46%), núverandi maka (22%) eða ættingja (16%). Athugið að svör 28 einstaklinga vantar í komuskýrslurnar og því er nefnarinn hér 799 en ekki 827.


TENGLI VIÐ GERANDA	FJÖLDI MÁLA	%
FYRRVERANDI MAKI	368	46%
NÚVERANDI MAKI	173	22%
ÆTTINGI	125	16%
VINUR/KUNNINGI	43	5%
ÓKUNNUR	26	3%
BARN	16	2%
FJÖLSKYLDUVINUR	10	1%
SAMSTARFSMAÐUR	6	1%
YFIRMAÐUR	3	0%
FAGAÐILI	2	0%
ANNAR AÐILI	27	3%
	799	100%

14. Kyn, aldur og þjóðerni geranda

Upplýsingar um kyn gerenda lágu fyrir í 737 málum. Karlar voru gerendur í 86% málanna og konur í 14% mála.

Flestir gerendur voru á aldursbilinu 40-49 ára (31%) en upplýsingar um aldur gerenda lágu fyrir í 725 málum. Sjá mynd 3.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020



Mynd 8. Aldursdreifing gerenda

Upplýsingar um þjóðerni gerenda lágu til grundvallar útreikninga í 787 málum. Flestir gerendur voru íslenskir eða 84% en 9,3% voru með erlent þjóðerni innan Evrópu og 6,5% með erlent þjóðerni utan Evrópu. Svipaða sögu er að sjá fyrri ár. Sjá töflu 13.

Tafla 13. Þjóðerni gerenda.

ÁR	ÞJÓÐERNI	FJÖLDI	%
2018	ÍSLENSKT	397	85%
	ERLENT (INNAN EVRÓPU)	40	9%
	ERLENT (UTAN EVRÓPU)	28	6%
		465	
2019	ÍSLENSKT	439	80%
	ERLENT (INNAN EVRÓPU)	56	10%
	ERLENT (UTAN EVRÓPU)	51	9%
		546	
2020	ÍSLENSKT	663	84%
	ERLENT (INNAN EVRÓPU)	73	9%
	ERLENT (UTAN EVRÓPU)	51	7%
		787	100%

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020

15. Vettvangur ofbeldisins

Alls svöruðu 764 þjónustuþegar (92%) af 827 spurningunni um vettvang ofbeldisins. Algengast var að það ætti sér stað inni á heimilinu eða í 88% málanna, Sjá nánar töflu 14.

Tafla 14. Vettvangur ofbeldisins. Hér er notast við töluna 764 til að kanna dreifingu svara einstaklinganna sem tóku afstöðu til spurningarinnar.

SVAR	FJÖLDI MÁLA	%
HEIMILI ÞOLANDA	600	79%
HEIMILI GERANDA	69	9%
Í BÍL	6	1%
Á VÍÐAVANGI	20	3%
VINNUSTAÐUR	7	1%
Á SKEMMTISTAÐ	1	0%
Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR	6	1%
ANNAÐ	55	7%
	764	100%

16. Vopn og eyðilegging muna

Af 827 þjónustuþegum svöruðu 789 (95%) spurningunni um vopnanotkun í tengslum við síðasta ofbeldisatvik. Alls 7% svarenda sögðu að vopni hefði verið beitt í tengslum við síðasta ofbeldisatvik.

Alls svöruðu 777 einstaklingar (94%) af 827 spurningu um eyðileggingu muna í tengslum við síðasta ofbeldisatvik. Alls 18% sögðu „já“ við spurningunni en 82% „nei“. Sjá töflu 15.

Tafla 15. Vopnanotkun og eyðilegging muna í tengslum við síðasta ofbeldisverk.

	JÁ	NEI
VOPNANOTKUN	56 (7%)	733 (93%)
EYÐILEGGING MUNA	139 (18%)	638 (82%)

17. Afleiðingar ofbeldisins

Afleiðingar ofbeldis geta verið margskonar. Þjónustuþegar eru spurðir um þær afleiðingar sem þeir hafa upplifað. Eins og sjá má í töflu 16 glíma flestir við andlegar afleiðingar í kjölfar ofbeldisins, óháð tegund ofbeldis, en einnig nefna margir fjárhagslegar afleiðingar.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

Tafla 16. Afleiðingar ofbeldisins. Skipt eftir tegund ofbeldis; andlegt ofbeldi, heimilisofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, annað. Athugið að hver einstaklingur getur greint frá fleiri en einni tegund afleiðinga, þess vegna er heildarfjöldi afleiðinga í t.d. dálknum um andlegt ofbeldi (N=139) hærri en heildarfjöldi einstaklinga (N=132) sem greindi frá andlegu ofbeldi sem aðal komuástæðu í Bjarkarhlíð.

AFLEIÐINGAR	ANDLEGT OFBELDI	HEIMILIS-OFBELDI	KYNFERÐISLEGT OFBELDI	LÍKAMLEGT OFBELDI	ANNAÐ
ANDLEGAR	129 (93%)	444 (81%)	105 (77%)	14 (82%)	29 (81%)
FJÁRHAGSLEGAR	6 (4%)	44 (8%)	5 (4%)	0	5 (14%)
LÍKAMLEGAR	2 (1%)	35 (6%)	14 (10%)	1 (6%)	2 (6%)
ANNAÐ	0	26 (5%)	12 (9%)	2 (12%)	0
	139	549	136	17	36

18. Börn á heimili og afskipti barnaverndar

Af þjónustuþegunum 827 sögðu 432 (52%) að börn væru á heimili þolanda og er það hlutfall svipað og síðustu ár. Það var 55% árið 2018 og 51% árið 2019. Sjá töflu 17.

Tafla 17. Fjöldi þjónustuþega með barn eða börn á heimili.

ÁR	FJÖLDI ÞJÓNUSTUÞEGA	BARN/BÖRN Á HEIMILI	%
2018	479	264	55%
2019	565	288	51%
2020	827	432	52%

19. Kærur og afdrif mála í kerfinu

Af þjónustuþegunum 827 sögðust 137 (17%) hafa kært gerandann. Það hlutfall er heldur lægra en árin á undan. Hlutfallið var 29% árið 2018 og á fyrstu tíu mánuðunum sem Bjarkarhlíð var opin á árinu 2017 var hlutfallið 35%. Af málunum 137 sem voru kærð fengust upplýsingar um afdrif málanna hjá 104 einstaklingum. Af þessum 104 svörum voru flest málanna enn í vinnslu eða 70 mál (67%) en 8 einstaklingar (8%) sögðu að gerandinn hefði verið dæmdur. Sjá nánar í töflu 18.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

Tafla 18. Afdrif mála sem hafa verið kærð.


AÐRIF MÁLS	FJÖLDI	%
MÁL ENN Í VINNSLU	70	67%
SAKFELLINGARDÓMUR	8	8%
MÁL FELLT NIÐUR/VÍSAÐ FRÁ	14	13%
SÝKNUDÓMUR	6	6%
KÆRA AFTURKÖLLUÐ	6	6%
	104	100%

Tafla 18. Afdrif mála sem hafa verið kærð.

20. Tilvísanir eftir fyrsta viðtal

Eftir fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð metur ráðgjafi stöðuna og vísar þjónustupega í viðeigandi úrræði. Flestir þjónustupegar fá tilvísun í fleira en eitt úrræði og þannig var 827 einstaklingum vísað í alls 1137 úrræði.

Á mynd 9 má sjá að færri einstaklingum var vísað til lögreglunnar árið 2020 miðað við árið á undan en fleiri vísað í annað úrræði en þau sem eru í samstarfi með Bjarkarhlíð.



Mynd 9. Þjónustuleið innan Bjarkarhlíðar eftir fyrsta viðtal. Hér er birt dreifing innan úrræða og nefnarinn því N=1137

Þjónustukönnun vegna 2020

Í samstarfi við Drífu Jónasdóttur, verkefnastjóra hjá Kvennaathvarfinu, var hönnuð þjónustukönnun sem starfsnemi í Bjarkarhlíð hringdi út til þjónustuþega fyrir árið 2020. Könnunin gekk vel en alls var reynt að ná í 183 (22%) einstaklinga af 827 þjónustuþegum sem komu í Bjarkarhlíð á árinu 2020. Svöruðu alls 96 þjónustuþegar könnuninni eða 12% af þeim sem úrtakið náði til. Þar sögðu 89% svarenda að þeir myndu mæla með þjónustu Bjarkarhlíðar. Alls sögðust 64% mjög ánægðir með þjónustuna, 22% voru ánægðir, 9% sögðust hvorki né vera ánægðir, en 5% voru óánægðir eða mjög óánægðir með þjónustu Bjarkarhlíðar. Flest mál eða 68% voru skilgreind sem ný mál og 32% mála eldri mál eða meira en ár síðan ofbeldið átti sér stað. Flestir komu tvisvar sinnum eða 38%, 21% kom bara í eitt skipti og rúm 20% komu í þrjú skipti í viðtal í Bjarkarhlíð. Af þeim sem höfðu fengið einhverja þjónustu áður sögðu 66% að þjónusta Bjarkarhlíðar bætti einhverju við miðað við fyrri aðstoð. Nefnt var að viðbótin fælist í viðmótinu, að sjá fleiri möguleika varðandi næstu skref, Bjarkarhlíð væri öðruvísi þjónusta og að gott væri að hafa aðgang að lögfræðingi.



Mynd 10. Nemi í félagsráðgjöf og ráðgjafi Bjarkarhlíðar

Styrkir

Margir hafa hugsað hlýlega til Bjarkarhlíðar á árinu 2020. Má þar nefna veglegan styrk frá „Konur eru konur bestar“ sem hönnuðu og seldu boli til að fjármagna verkefnið. Landsvirkjun veitti styrk til Bjarkarhlíðar sem ætlaður var í hópastarf fyrir konur sem búið höfðu við heimilisofbeldi. Heildverslun Halldórs Jónssonar og Rafiðnaðarsamband Íslands veittu veglega styrki. Soroptimistasamtökum Íslands styrktu Bjarkarhlíð til að standa straum af kostnaði við Evrópuráðstefnu FJC sem halda átti í Reykjavík. Eins bárust styrkir frá einstaklingum og Félagi háskólastudenta Háskóla Íslands. Icelandic Glacial færði Bjarkarhlíð vatn og sóðavatn í flöskum sem kom sér vel við að halda sóttvarnir. Fulltrúar Miss Universe Iceland færðu Bjarkarhlíð ágóða af armbandssölu sem þær stóðu fyrir. Starfsfólk leikskólans Norðurbergs í Hafnarfirði færðu Bjarkarhlíð peningagjöf í tilefni jóla.

Sótt var um styrki til fimm nágrannasveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2020 og bárust jákvæð svör frá fjórum.

Sérstakur styrkur barst frá félagsmálaráðuneytinu í tengslum við Covid-19 sem notaður var til að hanna og framleiða kynningarherferð um Bjarkarhlíð og þrjú ný myndbönd um „Þekktu rauð ljós“.

Bjarkarhlíð til framtíðar

Heildaraukning mála milli áranna 2019 og 2020 var 47,3% og má því segja að Bjarkarhlíð hafi ennþá frekar sýnt fram á þörf samþættrar þjónustu fyrir þolendur ofbeldis. Árið 2020 var ár áskorana í tengslum við Covid-19 en með vilja og samtakamætti allra sem koma að starfinu í Bjarkarhlíð var þjónustunni haldi gangandi samkvæmt sóttvarnareglum. Boðið var upp á símaviðtöl og myndviðtöl í samræmi við óskir þjónustuþega.

Rikk - Rannsóknarstofnun í Jafnréttisfræðum gerði úttekt á starfi Bjarkarhlíðar á árinu 2020. Var úttektin kostuð af Reykjavíkurborg og var niðurstaðan kynnt í nóvember 2020. Heildarniðurstaða skýrslunnar er jákvæð. Almenn ánægja er með að Bjarkarhlíð hafi verið sett á laggirnar, þá jákvæðu ímynd sem tekist hefur að skapa henni úti í samfélaginu og þjónustuna sem þar er veitt. Samvinna samstarfsaðila með tilliti til stjórnunarlegra þátta hefur gengið vel en talsverð stefnumótunarvinna er framundan, m.a. að við að skerpa á sameiginlega sýn á hlutverk og framtíð Bjarkarhlíðar. Mikil ánægja er með faglegt samstarf og andrúmsloft á vinnustaðnum sem þykir hlýlegt og notalegt og einkennast af

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis Ársskýrsla 2020

fagmennsku, samvinnu og umhyggju. Þjónustubegar eru upp til hópa ánægðir með viðmótið sem þeir mæta í Bjarkarhlíð og þá þjónustu sem þeir hafa fengið. Það er þó alltaf hægt að gera enn betur. Ákveðið var að halda stefnumótunarfund á árinu en vegna Covid-19 var hann ekki haldinn fyrr en í mars 2021.

Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi, MSW, gegnir starfi teymisstjóra og Hrafnhildur Sigmarsdóttir, BA í mannfræði starfi ráðgjafa. Í febrúar 2020 var ráðin til starfa Sigríður Björk Þormar doktor í áfallasálfræði og starfaði hún til loka ársins 2020. Starfsfólk sækir reglulega handleiðslu og hefur auk þess sótt námskeið í núvitund og streitustjórnun.

Stjórn og starfsfólk Bjarkarhlíðar eru þakklát fyrir áframhaldandi stuðning stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og annarra samstarfsaðila sem sýnt hafa vilja til að vinna saman í þágu þolenda ofbeldis. Þjónustubegar hafa nýtt sér Bjarkarhlíð og sýnt úrræðinu velvilja frá upphafi. Þverfagleg samvinna hefur sannað gildi sitt með aukinni þjónustu og öryggi fyrir þjónustubega.

Bjarkarhlíð er aðgengileg í gegnum samfélagsmiðilinn Facebook og hafa þjónustubegar nýtt sér það auk þess sem viðburðir og fræðsla er auglýst þar. Á heimasíðu Bjarkarhlíðar <https://www.bjarkarhlid.is> er hægt að nálgast upplýsingar um starfsemina og þá þjónustu sem í boði er bæði á íslensku og ensku. Þar er einnig hægt að bóka tíma í fyrsta viðtal hjá ráðgjafa.

Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Ársskýrsla 2020



Mynd 3. Bjarkarhlíð